

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

OKTÓBER 2014



10. tbl. 17. árg.

Wilson's PIZZA

S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6

24
Hagkaup

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

- bls. 4 og 5
**Viðtal við
Ágúst Einarsson**

- bls. 8
**Viðtal við
Guðrúnu Helgadóttur**

- bls. 10 og 14
Fréttir úr Frostaskjóli



Grásleppuskúrarnir við Grímsstaðavör við Ægisíðuna eru elstu minjarnar um smábátaútgerð í Reykjavík.

Elstu minjar um smábátaútgerð í Reykjavík varðveittar

Elstu minjar um smábátaútgerð í Reykjavík verða varðveittar. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, þeirra Mörtu Guðjónsdóttur og Júlíusar Vífils Ingvarssonar, um varðveislu og endurgerð grásleppuskúranna við Ægisíðu var samþykkt samhljóða í menningar- og ferðamálaráði sl. mánudag.

Að sögn Mörtu og Júlíusar Vífils var hafist handa við endurgerð grásleppuskúranna á kjörtímabilinu 2006 til 2010 í góðu samstarfi við íbúa og borgarminjavörð. Því miður var svo ekki unnið að varðveislu þessara minja á

síðasta kjörtímabili þannig að þær hafa drabbast niður og því telja þau nauðsynlegt að hafist verði handa sem fyrst við endurgerð þessara merku minja.

Þau segja margar góðar tillögur hafi litið dagsins ljós á sínum tíma um hvernig best væri að varðveita mannvirkin og vörina og nýta svæðið sem best. „Í því sambandi má nefna hugmyndir um opið margmiðlunarsafn og útikennslustofu fyrir leik og grunnskólana. Þá var einnig stungið upp á að boðið yrði upp á árabátaferðir út á Skerjafjörð og jafnvel sjó-sund,“ segir Marta. Í framhaldi af

samþykkt tillögunnar í ráðinu mun verða skipaður starfshópur sem mun skila tillögum um hvernig best verður staðið að varðveislu og nýtingu grásleppuskúranna og Grímsstaðarvarar. Marta og Júlíus Vífill minna á að grásleppuskúrarnir við Grímsstaðarvör sé mikilvægur þáttur í atvinnusögu Reykjavíkur og elstu minjar um smábátaútgerð. „Við fögnum því að tillögu okkar var vel tekið og samþykkt samhljóða. Lítið safn við Grímsstaðarvörina sem tengist sögu okkar mun auðga mannlífið í Vesturbænum“, segja þau að lokum.

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Fljótt & Gott

Heimilismatur
alla daga frá 11 til 20
ALLTAF NÆG, FRÍ BÍLASTÆÐI

FLJÓTT & GOTT UMFERÐAMIÐTÖÐIN
www.fljottoggott.is

græn heilsa

Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 – 17.30.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Nautakjötstilboð!

Íslenskt ungnautakjöt



Melabúðin
þín verslun

Sími 551-0224

helgina 16. - 19. október
- meðan birgðir endast

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
10. tbl. 17. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R

Góð þátttaka í ljósmyndasamkeppni



Góð þátttaka var í ljósmynda-keppni grunnskólanema í Reykjavík sem efnt var til á Degi íslenskrar náttúru, þann 16. sept-ember síðastliðinn. Viðfangs-efni keppninnar var „Náttúran í borginni – hið kunnuglega og hið óvænta“. Ungir ljósmyndar- ar fengu það verkefni að finna hvernig hið manngerða og hin villta náttúra mætast í borgar-landslaginu því náttúran finnur sér oft samastað á sérkennilegum stöðum. Nær 150 myndir bárust í keppnina. Ljósmyndirnar eru hvaðanæva úr borginni eins og ljósmyndararnir sem eru úr mörg-um grunnskólum og á ýmsum aldri. Ljósmyndirnar sem bárust eru einstaklega fjölbreytilegar og skemmtilegar og sýna vel hug- myndaflug, frumlega nálgun og færni. Verðlaunin voru afhent í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn 3. október sl. og fengu þeir sem sigruðu í keppninni fallegar ljós- myndabækur í verðlaun.

Hjörtur hlaut Tómasarverðlaunin



Hjörtur Marteinnsson hlaut Bók- menntaverðlaun Tómasar Guð- mundssonar árið 2014 fyrir ljóða- handritið Alzheimer-tilbrigðin. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti verðlaunin sem nema 600 þúsund krónum. Fyrstu eintök af bókinni komu um leið úr prent- un í útgáfu Tunglsins. Hjörtur Marteinnsson er fæddur í Reykja- vík 1957 og er með BA-próf í íslensku og MA-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands ásamt kennsluréttindum frá sama skóla. Hann hefur gefið út tvær ljóðabækur, Ljóshvolfin 1996 og Myrkurbil 1999 og árið 2000 hlaut hann líka Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar, en þá fyrir skáldsöguna AM 00. Ljóð- staf Jóns úr Vör hlaut hann árið

2004. Meðfram skrifum kennir hann íslensku á unglingastigi við Árbæjarskóla í Reykjavík og nem- ur ritlist við HÍ.

Pála og Sigrún leikskólastjórar

Gengið hefur verið frá ráðning- um tveggja leikskólastjóra. Pála Pálsdóttir var ráðin leikskóla- stjóri við Hólaborg og Sólrún Óskarsdóttir var ráðin við Brákar- borg. Pála Pálsdóttir hefur starfað sem stjórnandi við leikskóla í 16 ár, verið deildarstjóri, aðstoðar- leikskólastjóri og leikskólastjóri. Hún lauk prófi í leikskólakennara- fræðum frá Fóstruskóla Íslands 1994 og B.Ed í leikskólakennara- fræðum frá KÍ 2005. Þá hefur hún stundað meistaranám í náms- og kennslufræði með áherslu á stjórnun menntastofnana við HÍ. Sólrún Óskarsdóttir hefur star- fað sem deildarstjóri og aðstoðar- leikskólastjóri í 11 ár. Hún lauk prófi í leikskólakennarafræðum frá Háskólanum á Akureyri 2003 og hefur stundað meistaranám í stjórnun menntastofnana við HÍ.

Hver á borgina



Hver á borgina heimkynni okkar er heiti á fundarröð sem umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyr- ir með Hjálmari Sveinssyni, for- manni umhverfis- og skipulags- ráðs um þróun og mótun borgar- innar. Fyrsti fundurinn var hald- inn á Kjarvalsstöðum 14. október sl. Rætt er m.a. um hversu langt sé hægt að ganga í breytingum á borgarskipulagi án þess að ganga á rétt íbúa og annarra hags- munaaðila. Eru allir jafn rétthá- ir í göturýminu óháð ferðamáta. Hefur strætó með 80 farþegum rétt á jafn miklu borgarrými og 80 einkabílar. Skipta athugasemdir íbúa máli við endanlegar ákvarð- anir í skipulagsmálum. Eru skipu- lagsheimildir sem borgin veitir ígildi eignaréttar um ókomna framtíð.

Bæta þarf aðgengi að úrgangsilátum

Umhverfis- og skipulagssvið ræddi aðgengi að úrgangsilátum í Reykjavík nýlega.

Lögð fram skýrsla skrifstofu

umhverfisgæða um aðgengi að úrgangsilátum í Reykjavík. Full- trúar umhverfis- og skipulagsráðs bóka. „Í tilefni af útkomu skýrslu um aðgengi að úrgangsilátum í Reykjavík hvetur umhverfis- og skipulagsráð íbúa Reykjavíkur til samvinnu við borgina um að bæta aðgengi sorphirðustarfs- manna að sorpílátum. Aðgengi að sorpílátum er allt of víða í borg- inni mjög erfitt. Það veldur miklu óhagræði, skapar lélegt starfs- hverfi og í sumum tilvikum slysa- hættu.“

Aðalstræti og Austurstræti

Samþykkt hefur verið umsókn Reita um leyfi til að endurnýja efstu hæð og þak og innrétta sem hótélherbergi til viðbótar annarri hótélstarfsemi í húsinu á lóð nr. 6 við Aðalstræti. Þá hefur umsókn Almenna byggingafélagsins ehf um samþykki á þegar gerðum breytingum innanhúss, sem felast í að ræstiklefi á 2. hæð og upp- þvottaskápur á 3. hæð hafa víxl- ast og fjöldi gistirýma sem upp- fylla ákvæði um algilda hönnun hefur verið uppfærður auk minni háttar breytinga á hóteli á lóð nr. 16 við Austurstræti.

Sýningarrými í Núllinu

Samþykkt hefur verið umsókn um leyfi til að innrétta sýninga- rými í gömlu kvennasnyrtingun- um á lóð nr. 0 við Bankastræti. Eignin er í eigu borgarinnar en Núllin beggja vegna Bankastræt- isins hafa ekki verið nýtt um tíma eftir að snyrtingarýmum var lokað.



Öflugt félagsstarf

Öflugt félagsstarf á vegum Reykjavíkurborgar er að taka breytingum. Í stað þess að bjóða fólki upp á fyrirfram mótaðar hugmyndir að félagslífi og viðburðum því tengdu er nú lögð áhersla á að fólk komi sjálft að mótun þess og hug- myndum um viðburði. Er þetta í takt við þann breytta hugsunar- hátt sem orðið hefur og felur í sér tvennt. Að gefa fólki kost á að rækta hugðarefni sín í samstarfi við aðra innan félagsstarfsem- innar og að opna starfið fyrir fleiri einstaklingnum og þá ekki síst fleiri aldurshópum.

Lengi hefur loðað við félagsstarf borgarinnar að það væri of ellið og ekki ætlað öðrum en heldri borgurum helst komn- um á áttaræðisaldur. Vissulega má merkja þessa hugsun í mörgum þeirra viðburða sem í boði hafa verið. Í kynningu á félagsstarfinu sem fór fram í aðstöðu þess við Aflagrandu á dögunum kom skýrt fram í máli Sigprúðar Erlu Arnardóttir framkvæmdastjóra Vestur- garðs að áhersla verði lögð á opið félagsstarf sem notendur sjálfir standa fyrir. Einnig stuðning til að virkja fólk til þátttöku í samfé- laginu. Sigprúður Erla sagði að fyrir börn og unglinga sé frístunda- starf í öruggu umhverfi í umsjón fagfólks mikilvægt en þegar komi að félagsstarfi hjá fullorðnum breytist áheyrslurnar. Forvarnar- starfið minnki þó ekki en sjálfsákvörðun einstaklingsins aukist.

Margt fólk sem komið er um og yfir miðjan aldur er farið að minnka við sig. Sumt komið á eftirlaunaaldur en er engu að síður ungt til líkama og sálar og með mikla starfsgetu. Félagsstarf- ið þarf að höfða til einstaklinga með mismunandi áhugamál og breytilegar þarfir. Að því eru verið að vinna – að sem flestir geti notið þess því fátt er hættulegar fólki þegar breytingar verða á högum þess en að einangrast á heimilum sínum.

Fjölgar á miðjunni

En fjölgar á miðjunni á Melunum. Nú hafa Kaffihús Vestur- bæjar og Gamla Apótekið bæst í hóp þeirra sem sinna þjón- ustuhlutverki á þessum miðjureit í Vesturbænum. Þeir sem eldri eru en tvævetur og muna gamla Vesturbæjarapótek þar sem Birgir Einarsson verslaði í áratugi geta fagnað því að sú ímynd sem apótekið hafði á sér sé komin aftur og það á sama stað.

Ljóst má vera af þeirri miklu athygli og áhuga sem Kaffihús þeirra Gísla Marteins, Péturs og Möggu nýtur að mikil þörf hef- ur verið fyrir slíka starfsemi. Barnavagnar og reiðhjól á stöttum úti fyrir dyrum segja það sem segja þarf um áhuga nágrannafólks- ins á Melunum. Fólks sem hittist á Hagamelnum en myndi ef til vill ekki hjóla eða ganga með barnavagna á undan sér niður í miðbæ.



Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

JÓGA & HEILSA

Námsskeið fyrir konur á Aflagrandu 40

Jógaleikfimi, mjúkar æfingar, góðar teygjur, öndun og slökun.

Jóga liðkar og styrkir líkamann, er gott gegn vefjagigt og eykur almenna andlega og líkamlega vellíðan.



Réttindi frá British School of Yoga og Yoga studio.

Skráning hjá Hildi B. Eydal jógakennara • Gsm: 8644476

Vesturbæingar



Á ég að gerast útgerðarmaður á Ægisíðunni?

Göngu- og hjólaleiðir endurnýjaðar í Vesturbæ

Á undanförunum vikum hefur verið unnið að því að endurnýja gangstéttir á nokkrum stöðum í Vesturbæ. Um er að ræða samstarfsverkefni umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Gagnaveitu Reykjavíkur og Mílu. Skipt er um lagnir undir gangstéttum og ljósleiðara komið fyrir. Þá hefur lýsing verið endurnýjuð þar sem kominn er tími á slíkt, til að mynda við Neshagann.

Við Hagamel er verið að leggja nýja gangstétt og hjólastíg, norðan götunnar á milli Reynimels og Kaplaskjólsvogar en þar var gangstétt orðin molnuð og ónýtt. Gangstétt verður endurnýjuð við Grenimel. Gangstétt verður endurnýjuð beggja vegna götunnar á milli Espimels og Furumels. Gangstétt endurnýjuð sunnan götu við Melhaga. Gangstétt og lýsing hafa verið endurnýjuð á milli Furumels og Hofsvallagötu. Gangstétt verður einnig endurnýjuð og nýr hjólastígur lagður á milli Reynimels og Kaplaskjólsvogar. Við Granda-veg verður gangstétt endurnýjuð norðan götu á milli Framnesveg- ar og Meistaravalla. Neshaginn hefur einnig fengið nýja gangstétt og lýsing hefur verið endurnýjuð. Auk þess hafa víða verið steipt-



Unnið við lagningu göngustíga við Hagamel.

ir bútar í gangstéttir sem voru Reykjavíkurborgar vegna þessa illa farnar. Áætlaður kostnaður er 30 milljónir króna.

Fer Strætó yfir Fossvogsbú

Hugmyndir hafa verið settar fram um að fyrirhuguð brú yfir Fossvog verði hönnuð þannig að strætisvagnar geti ekið um hana þótt hún sé fyrst og fremst ætluð fyrir gangandi vegfarendur og hjólaþykki en ekki umferð einkabíla.

Málið hefur þegar verið rætt á milli borgaryfirvalda í Reykjavík og bæjaryfirvalda í Kópavogi. Á fundi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra og Ármanns Kr. Ólafssonar bæjarstjóra nýlega var samþykkt að halda fund með Vegagerðinni um Fossvogsbúna því um er að ræða stofnstíg milli sveitarfélaga. Embættismönnum borgar og bæjar hefur einnig verið falið að ræða við siglingamenn sem hafa áhyggjur af hvort brúarbygging skaði hagsmuni þeirra.

Hugmyndir um brú yfir Fossvog á milli Reykjavíkur og Kópavogs hafa verið til umræðu um tíma og mikillar jákvæðni gætt af hálfu forvarsmanna beggja bæjarfélaganna. Vistvænar samgöngur yfir Fossvog eru nú komnar inn á aðalskipulag bæði í Kópavogi og í Reykjavík sem þýðir að nú eru komnar forsendur til þess að taka þetta verkefni áfram á næsta stig.

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

borgarblod@simnet.is

Frítt söluverðmat.

Reynsla og vönduð vinnubrögð.



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**

david@remax.is

RE/MAX
Alpha

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Vesturbær

Betri hverfi 2015



37.2 milljónir króna

LUMAR ÞÚ Á GÓÐRI HUGMYND FYRIR VESTURBÆ?

Nú stendur yfir hugmyndasöfnun frá íbúum í Reykjavík um verkefni í hverfum borgarinnar. Leitað er eftir hugmyndum sem bæta hverfin, auðvelda útivist og auka öryggi gangandi og hjólandi. Fjölmargar frábærar hugmyndir hafa komið frá íbúum í Vesturbæ á undanförunum árum sem hafa bætt hverfið mikið.

Íbúar geta sett hugmyndir sínar inn á vefinn **Betri Reykjavík** frá **8. október** til **7. nóvember**, fylgst með hugmyndum annara á vefnum og komið með rök með eða á móti. Haldnar verða íbúakosningar um efstu hugmyndirnar á næsta ári.

Reykjavíkurborg mun setja 37.2 milljónir króna til þeirra verkefna sem kosin verða í Vesturbæ í hverfakosningunum.

Hægt er að fá aðstoð við innsetningu hugmynda á vefinn á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Betri hverfi
Forval verkefna í hverfum Reykjavíkur



www.betriereykjavik.is

Við þurfum að vanda okkur

Ágúst Einarsson prófessor og fyrrum alþingismaður og rektor spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Hann hefur búið á Seltjarnarnesi í nær 35 ár frá því hann fluttist þangað með fjölskyldu sinni 1980. Ágúst hefur frá mörgu að segja bæði sem áhugamaður um stjórnmál og fræðimaður og hefur ákveðnar skoðanir þar sem hann dregur ekkert undan. Þetta spjall hófst í Vesturbænum en síðan flakkaði hann um heiminn eins og honum er lagið en tengdi söguna og viðhorf sín jafnan við íslenskan veruleika.

„Við hjónin erum bæði fædd í Vesturbænum þótt leið okkar hafi legið út á Seltjarnarnes. Konan mín, Kolbrún Ingólfsdóttir, er frá Viðimelnum en sjálfur er ég fæddur á Bárugötunni í Vesturbænum. Eldri systur mínar eru fæddar í Vestmannaeyjum. Við vorum ellefu systkinin og erum átta á lífi. Ég ólst upp í Vesturbænum, gekk í Miðbæjarskólann, Gagnfræðaskólann við Vonarstræti og Menntaskólann. Öll skólagangan var þannig við Lækjargötuna. Ég hef mest unnið um ævina í eða við Vesturbæinn og er ekkert mikið fyrir að fara út fyrir það svæði. Ég rata hreinlega ekki í flestum bæjarhlutum á höfuðborgarsvæðinu. Við fluttum á Seltjarnarnes fyrir um 35 árum. Þjuggum 15 ár á Barðaströndinni og frá 1995 á Fornuströndinni. Við höfum alltaf verið norðanmegin á Nesinu og munum ekki fara þaðan nema sem englar. Það er fallegt á Nesinu og þar býr gott fólk og bæjarfélagið er gott. Því er vel stjórnað og skipulag er með ágætum.“

Er líka KR-ingur

„Ég var lengi prófessor í Háskóla Íslands og varð síðar rektor Háskólans á Bifröst og er núna prófessor þar. Ég hef gaman af kennslu, rannsóknum og skrifum og er að leggja lokahönd á mína 26. bók en hún er um hagræn áhrif ritlistar. Ég hef verið prófessor í 25 ár, setið á Alþingi, stjórnað fyrirtækjum og setið í fjölda stjórna þannig að ég get ekki kvartað yfir tilbreytingarleysi í mínu lífi og starfi. Flestar systur mínar búa í Vesturbænum og ég tel Seltjarnarnes vera hluta af þessari stærri byggð sem má kalla Vesturbæ. Ég er ekki mikið fyrir að aðgreina Vesturbæinn og Seltjarnarnes. Ég er KR-ingur og fer stundum á völlinn en held þó með Gróttu þegar þeir keppa við KR, sem gerist nú reyndar ekki oft.“

Einstakt að vera afi

„Við eigum fjögur barnabörn. Fjórar litlar prinsessur. Sú elsta er tólf ára og það er alveg einstakt að vera afi. Ég man að ég var oft að lýsa þessu fyrir vini mínum Einari Oddi Kristjánssyni heitnum frá Flateyri, fyrrum formanni Vinnuveitendasambandsins og alþingismanni, hversu dásamlegt væri að vera afi. Hann skildi þetta ekki en svo eignaðist hann barnabarn og þá hringdi hann sérstaklega í mig og sagði: „Ég skil loksins Ágúst hvað þú varst að tala um.“ Ég er að vísu í smá vandræðum að gera elstu barnabörnin að KR-ingum því þær búa á svæði Víkings. Ég er þó búinn að ná samningum við þær nema þegar Víkingur er að keppa. Við fórum saman á bikarúrslitaleikinn og fögnuðum þar öll sigri KR.“

Nesstofa er dýrgripur

„Þótt við séum Vesturbæingar að uppruna þá hefur okkur liðið vel á Seltjarnarnesi. Margt er líka sérstakt fyrir utan hið stórkostlega útsýni sem Seltirningar búa við. Við getum nefnt Nesstofu sem er dýrgripur og allt vestursvæðið, fjöruna og stríðsminjarnar upp í Holti sem mættu vera sýnilegri. Mér finnst svolítið merkilegt að hugsa til þess að Nesstofa sem læknasetur er byggð í anda upp lýsingastefnunnar á síðari hluta 18. aldar. Þetta var gert á sama tíma og Skúli fógeti var að koma Innrétingunum á fót í Reykjavík. Öll þessi athafnasemi var að frumkvæði danskra yfirvalda. En þetta koðnaði allt niður, mest vegna andstöðu Íslendinga sjálfra. Mér finnst merkilegt að hugsa til þess þegar maður hefur þennan minnisvarða fyrir augunum að heimurinn stóð kyrr hér á landi fram undir byrjun 20. aldar. Þá fyrst hófst iðnbýltingin í sjávarútvegnum. Iðnbýltingin hafði byrjað um 100 til 150 árum fyrr í nágrannalöndunum. Þegar hún barst hingað var búið að byggja upp þokkalega velmegun í öllum nágrannaríkjunum í eina til eina og hálfa öld.“

Værum 850 þúsund

„Ég hef borið saman búsetuþróunina hér á landi og í Noregi. Í lok þjóðveldisaldar – á síðari hluta 13. aldar vorum við um 50 þúsund talsins. Um 600 árum síðar eða um 1850 vorum við enn um 50 þúsund. Ef sambærileg fjölskyldugun hefði orðið hér og varð í Noregi frá þjóðveldistímanum þá værum við ekki 330 þúsund heldur um 850 þúsund. Náttúrulegar aðstæður ollu þessu að einhverju leyti



Kolbrún Ingólfsdóttir og Ágúst Einarsson með barnabörn sín.

en einnig okkar eigin aðgerðir. Ein þeirra er að við byggðum ekki upp nein þorp við sjóinn. Þessa miklu auðlind, fiskimiðin, nýttum við lítið. Útlendingar veiddu hér við land allt frá 14. öld. Við áttum ekki alltaf góða valdsmenn. Merkilegt er í sögu okkar að mestu afturhaldssegirnir voru íslenskir ráðamenn á þessum tíma. Þessi afturhaldshugsun gagnvart breytingum nær allt fram á 20. öld og þessi hugsun er enn nokkuð rótgróin hjá Íslendingum.“

Erum fyrir löngu orðið borgríki

Ágúst telur okkur mun færri en við þyrftum að vera. „Ég hef átt þá draumsýn að Íslendingar yrðu miklu fleiri. Við getum enn farið þá leið sem Bandaríkjamenn fóru á 18. og 19. öld. Þá fluttist fólk til Bandaríkjanna. Það kom frá mörgum Evrópulöndum og varð að Bandaríkjamönnum eftir eina til tvær kynslóðir. Ég hef slegið því fram að hér ættu að búa um þrjár milljónir manna og þetta aðflutta fólk myndi verða Íslendingar eftir tvær kynslóðir. Þriðja kynslóðin yrði orðin innfæddir Íslendingar. Þetta hefur gerst víðar í heiminum. Það er margt einkennilegt við búsetu hér á landi. Um tveir þriðju hlutar þjóðarinnar búa á höfuðborgarsvæðinu – á einu prósent af stærð landsins en í öðrum hlutum þess eða 99% er byggð ótrúlega strjál. Mér fannst þetta svo merkilegt að ég skoðaði hvernig íbúadreifingu er háttað í háttað í hinum 200 löndum heimsins. Að svona stór hluti af landsmönnum búi á sama blettinum þekkist varla. Ísland er fyrir löngu orðið borgríki. En það er aldrei viðurkennt í almennri umræðu og alls ekki í stjórnmálaumræðunni. Landsbyggðin er löngu horfin sem slík en auðvitað er til dreifbýli á Íslandi sem vitaskuld þarf að taka tillit til. Þessi sérstæða þróun á íbúafjölda og búsetunni og hvað við erum fá það markar umgjörð okkar að miklu leyti.“

Þróun til bættra lífskjara er ekki sjálfgefin

„Við viljum halda þessu stóra landi í byggð,“ segir Ágúst en bendir á að það kosti peninga. „Fólk sem vill búa í dreifbýli á að eiga kost á því en fyrir marga þýðir það einfaldlega lakari þjónustu. Ég skil fólk vel sem vill flytja í þéttbýli þar sem er stærri umgjörð og auðveldara er með skólagöngu.

En lítið er rætt um þessi vanda-mál. Mjög margt hefur breyst hér á landi á síðustu 115 árum ef miðað er við upphaf 20. aldarinnar. Þá hófst tímabil mikillar velmegunar. Við brutumst úr örbirgð og ekki aðeins til bjargálna heldur urðu með þeim þjóðum heims sem hafa best lífskjör. Lífskjörin eins og þau voru hjá okkur í byrjun 20. aldar eru á borð við lífskjör eins og þau eru núna í Kambódíu í Asíu og Kamerún í Afríku. Við vorum í 10 til 15 sæti hvað lífskjör varðar fyrir bankahrúnið 2008 og erum nú í 20. til 25. sæti nú en það er ekkert óhemju fall miðað við afkomu hjá fjölda þjóða.“

Bókmenntirnar og landhelgisútfærslan

„Við eigum góða framtíð ef við horfum raunsætt á málin og gerum okkur grein fyrir fámenninu sem gerir það að verkum að við höfum ekki úr eins miklum fjölda í mannafla að spila og önnur nútímasamfélög. Innviðir samfélaga eru nú þess eðlis að stjórnsýslan verður sífellt flóknari. Ég held því fram að ein af ástæðum bankahrunsins hafi verið sú að við gátum ekki mannað nægjanlega vel allar þær stöður sem þurfti. Við viljum oft gleyma því að við erum langt frá því að geta talið okkur smáþjóð. Við erum örbjóð. Á aðeins tveimur sviðum skiptum við máli á heimsvísu. Annað þeirra eru bókmenntirnar sem voru skrifaðar á 12. og 13. öld en hitt er landhelgisútfærslan á 20. öld. Hún var gerð í mörgum skrefum og það tók hátt í öld að ljúka því verki. Þar ruddum við brautina og skiptum máli bæði á alþjóðavísu og fyrir okkur sjálf sem velmegandi þjóð. Heimsstyrjaldirnar tvær skiptu líka máli fyrir efnahagsþróunina. Mikil tækni barst þá hingað til lands og hér varð blússandi gangur í þó nokkra áratugi og hefur verið að miklu leyti síðan.“

Styrkleiki í að líta stórt á sig

Ágúst segir Íslendinga líta svo stórt á sig að það liggi við móðgun að nefna fámennið. „Íslenska þjóðarsálin vill vinna í öllum keppnum. Við viljum vinna á Ólympíuleikum en gefum ekkert fyrir sigra á Smáþjóðaleikum. Ef til vill er það einn af styrkleikum þjóðarinnar að hafa svona mikinn metnað. Hluti af því sem hefur gert okkur að þjóð er að við höldum tungumálinu okkar. Við áttum sögurnar, kváðum vís-

ur, meðal annars rímur í þúsund ár og höldum þjóðinni saman á grundvelli tungumáls og ritlistar. Sagan geymir dæmi um margar þjóðir sem runnu inn í aðrar þjóðir. Hér hjálpaði fjarlægðin einnig til, það er að við erum langt frá öðrum þjóðum. Erfið tímabil hafa komið í sögu landsins. Eitt sinn átti að flytja alla Íslendinga á Jótlandsheiðar og full alvara var að baki þeirri tillögu. Danir voru áhyggjufullir yfir þessari nýlendu sinni á þeim tíma. Við sjáum líka þann mikla brottflutning sem varð til Vesturheims á síðari hluta 19. aldar. Hvort slíkir atburðir geta endurtekið sig er spurning. Fólk er miklu hreyfanlegra nú en áður. Við höfum séð þetta gerast innanlands. Gjörbreyting hefur orðið á búsetu og fólk þjappað sig saman á Suðvesturlandi. Margir hafa líka farið til útlanda á síðustu árum og líkur eru á því að það eigi eftir að aukast. Margir hafa farið til Noregs og vegnar vel þar enda Noregur eitt ríkasta land í heimi og lífskjör mjög góð. Íslendingar eru líka almennt vel metnir á meðal Norðmanna. Við höfum líka búið svo vel að margir Íslendingar dvelja tímabundið í útlöndum við nám og vinnu en koma svo heim reynslunni ríkari.“

Ekki sjálfgefið að allt gangi eins

Ágúst segir ekki sjálfgefið að á 21. öldinni muni allt ganga hér eins og á þeirri 20. „Við þurfum að hafa fyrir því og við verðum líka að sjá möguleikana sem hin nýja atvinnuháttabýlting hefur í för með sér. Sú fyrri varð í iðnbýltingunni upp úr 1750 þegar með gufuaflinu kom utanaðkomandi orka í miklum mæli í fyrsta sinn í sögunni inn í samfélag mannsins. Nú erum við að upplifa aðra atvinnuháttabýltingu með öðrum tækniframförum, með tölvutækni og breytum samskiptaháttum og einnig aukinni þekkingu í lífvisindum og erfðafræði. Þetta kemur einnig fram í skapandi atvinnugreinum sem byggja á menningu. Þar er mikil framtíð fyrir þjóð eins og okkur sem er mjög meðvituð um menningarlega starfsemi. Ég hef skrifað nokkrar bækur um þetta en mér þykir breytingarnar ganga of hægt. Við verðum að leggja enn meiri áherslu á menntun og skapandi greinar, menningaríðnað og annað slíkt. Þetta gefur góðar tekjur og góð lífskjör og það er mikil eftirspurn eftir fólk í þessum greinum. Ef það er eitthvað sem útlendingar vita um Ísland fyrir utan náttúruna þá hafa þeir heyrt af menningunni og þá ekki síst tónlistinni. Við höldum því oft fram Íslendingar að við séum með gott menntakerfi. Það er ekki rétt. Ég er búinn að starfa í áratugi innan íslenska menntakerfisins og veit að það er ekkert sérstakt – kannski ekkert slæmt heldur. Ég var í stjórnmálum um tíma og fann að áhuga skorti þar á menntamálum og hann vantar enn. Sama hvar er borið niður í stjórnmálaflokkum. Menntamálin eru spari-umræða en ef menn vilja tala um sjávarútvegsfélög eða byggðamál eru allir ræðustólar fullir. Þarna erum við að sitja af okkur tækifæri sem aðrir grípa.“

Mikil umskipti hafa orðið

Ágúst leiðir talið að atvinnulífi heimsins og segir að umskipti hafa orðið. „Margar vörur sem við Vesturlandabúar kaupum eru framleiddar við ómannúðlegar aðstæður í fátækum ríkjum Asíu. Við erum ekkert að gefa því mikinn gaum en í sjálflu sér er þetta ekkert annað en þrælahaldið og barnaprælkunin sem blómstraði í Vestur Evrópu og Bandaríkjun-



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Íbúar velja verkefni í „Betri hverfi“

Nú er komið að því að íbúar geta komið með til-lögur af því hvaða verkefni verða fyrir valinu fyrir árið 2015 í verkefninu „Betri hverfi“. Undanfarin ár hafa íbúar verið afar duglegir að koma með hugmyndir af verkefnum og hvetjum við því ykkur til að fara inn á vefinn www.betrireykjavik.is og setja inn þau verkefni sem þið viljið sjá að fari í kosningu á komandi ári.

Fjölmargar góðar hugmyndir íbúa í Vesturbænum hafa verið framkvæmdar á síðustu þremur árum. Á þessu ári voru sex góðar hugmyndir kosnar í hverfakosningum og hafa þær nú verið framkvæmdar. Þar ber hæst framkvæmdir við lóðina fyrir framan Sundlaug Vesturbæjar, leynigarðinn við Brekkustíg, leikvöll á Landakotstúni og leikvöll á milli Melhaga og Neshaga.

Reykjavíkurborg hyggst hafa óbreytt fyrirkomulag á þessu verkefni á nýju ári og hvetur íbúa nú til þess að senda inn góðar og frumlegar hugmyndir að verkefnum í Vesturbæ, sem bæta hverfið, auðvelda útivist og auka öryggi gangandi og hjólandi í hverfinu. Opíð er fyrir innsetningu hugmynda á sérstöku vefsvæði á Betri Reykjavík. Þar geta íbúar sett inn hugmyndir sínar, fylgst með hugmyndum annarra og komið með rök með eða á móti hugmyndum. Hægt verður að setja inn hugmyndir að þessum verkefnum til 7. nóvember næstkomandi en þá hefst vinna við að fara yfir hugmyndirnar af hálfu borgarinnar og hverfisráðs Vesturbæjar. Haldnar verða íbúakosningar um þær hugmyndir sem verða fyrir valinu snemma á næsta ári. Borgin mun verja 37.2 milljónum til þessara verkefna á árinu 2015.

Á síðustu þremur árum hafa íbúar komið með 1.350 hugmyndir að verkefnum í borgarhverfunum. Alls hefur borgin framkvæmt yfir 300 hugmyndir sem íbúar hafa komið með og síðan kosið í raf-rænum hverfakosningum síðastliðin þrjú ár. Nú er verið að leggja lokahönd á 78 verkefni sem kosin voru á þessu ári í hverfum borgarinnar. Nokkur stór verkefni eru þó enn á undirbúningsstigi. Verkefnin eru afar fjölbreytt og stuðla nær öll að því að bæta umhverfis- og lífsgæði borgarbúa. Má þar nefna að leikvöllir barna hafa verið teknir í gegn. Nýir göngu- og hjólastígar hafa verið lagðir víða og gangstéttir endurnýjaðar. Sleðabrekkur hafa verið búnar til og sléttaðar, skautasvell á Rauðavatni upplýst, hringtorg sett upp, frísbíggjvellir búnir til, áningarstaðir



Leiðsvæðið á milli Melhaga og Neshaga byggir á einum af hugmyndunum um betri hverfi í Vesturbænum.



Leynigarður við Brekkustíg í Gamla Vesturbænum.

gerðir, vatnshannar settir upp og tré og runnar gróðursettir víða um borgina. Þá hafa margs konar upplýsingaskilti verið sett upp og lýsing bætt víða við leikskóla, göngustíga og víðar. Meðal frumlegra hugmynda borgarbúa sem framkvæmdar hafa verið á síðustu árum eru stigi niður í fjöruna á Eiðisgranda sem auðveldar fólki aðgengi að sjávarsíðunni þar, aflraunasteinar við Ægissíðu.



Að þessu sinni mættu bæði aðal- og varamenn og stemmningin í hópnum var til fyrirmyndar eins og sjá má glögglega.

Samsöngur, nemendaráð og náttúruskoðun í Melaskóla

Fyrsti samsöngur vetrarins í Melaskóla var þann 5. október en þá átti skólinn 68 ára afmæli en venja er að hefja samsönginn í tengslum við afmælisdag skólans. Samsöngur hjá yngri nemendum í 1. til 4. bekk var mánudaginn 6. október en eldri nemendum í 5. til 7. bekk sungu þriðjudaginn 7. október kl. 8:40.

Nemendaráð skólans hittist einnig í fyrsta sinn á skólaárinu. Á fundinum var farið yfir hlutverk þess og reglur en auk þess voru valdir fulltrúar nemenda í skólaráð. Fyrir valinu urðu þau Óli Gunnar Gestsson í 7.EP og Helga Xíalan Haraldsdóttir í 6.AG. Nú eru 5. bekkingar að vinna með lífríkið á landi. Í tengslum við það hafa þeir skoðað lífverur sem finnast í umhverfi skólans. Meðal

annars var farið í Hólavallakirkju-garð til að leita að fléttum, mosa og burknum. Nóg var af þessum tegundum í garðinum og á legsteinunum sást að fléttur og mosi ná fyrst að festast í nöfnunum. Ýmislegt annað varð á vegi nemenda svo sem hreiður í klukku-turninum, risastór sveppahrúga utan í einu trénu, stóri hlynurinn við hliðina á fyrsta leiðinu í garðinum og svo auðvitað leiði þektra Íslendinga og látinna ættingja okkar sumra.

Í garðinum eru margar trjátegundir sem reynt var að greina. Á leiðinni til og frá skólanum var gengið um melana og rifjuð upp nöfnin á götunum sem heita eftir trjám, Birkimelur, Furumelur, Grenimelur, Reynimelur, Espimelur og Einimelur.

Geymið auglýsinguna

PARKET SÉRGREIN MÍN Í 30 ÁR

Parketlög - parketslipun og viðgerðir

Við erum sérfræðingar á þessu sviði, hvort sem um er að ræða á einkaheimilum eða stærri einingum svo sem skólum stofnunum og eða íþróttahúsum. Parketslipun gömul gólf, sem verða sem ný eftir okkar meðhöndlun.

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er. Þegar gæðin skipta máli

Falleg golf eit • Nesbala 25 • 170 Seljarnes • gólfslipun@simtel.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107

Svæðameðferð til sjálfsstyrkingar og slökunar fyrir þig og þína

36 kennslustunda námskeið sem hefst:

- Á Akureyri 20. október, upplýsingar gefur Katrín í síma 8957333
- Í Reykjavík 24. október, upplýsingar gefur Gréta í síma 8937314

Námskeiðið er metið inn í heildarnám í Svæða og viðbragðsmeðferðaskóla Íslands

Skráning á www.nudd.is

SVÆÐAMEÐFERÐ
SNERTING - SKYNNJUN - ÞEKKING
VIÐBRAGÐSMEÐFERÐ

SOVI Nuddskóli Reykjavíkur
Svæða- og viðbragðsmeðferðaskóli Íslands

HEIMILISMATUR

PRÓFAÐU NÝJA HEIMILISMATINN FRÁ ORA

PLOKKFISKUR
PLOKKFISKUR M/BERNAISE
KJÖTBOLLUR
HAKKBOLLUR
GRJÓNAGRAUTUR

AUÐVELT AÐ HITTA
UPP Í OFNI, POTTI
EÐA ÖRBYLGJUOFNI

WWW.ORA.IS

KITLAÐU BRAGÐLAUKANA OG FÁÐU ÞÉR LJÚFFENGAN HEIMILISMAT FRÁ ORA Í NÆSTU VERSLUN

Allir velkomnir á Aflagrandann

Vesturreitir félagsmiðstöðin á Aflagranda 40 bauð íbúum Vesturbæjarins í opið hús þriðjudaginn 7. október sl. samkoman stóð frá kl. 14 til 17 og lagði fjöldi fólks leið sína á Aflagrandann af því tilefni og þáði kaffi og kleinur. Ýmislegt áhugavert var í boði – bæði upplýsingar um félagsstarfið og annað er tengist íbúum bæjarhlutans.

Samkoman hófst á að Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Vesturgarðs bauð gesti velkomna og Guðbjörg Theresia Einarsdóttir, verkefna-og teymisstjóri, kynnti félagsmiðstöðina og vetrardagskrá hennar. Hulda Guðrún Birgisdóttir, teymisstjóri, sagði frá félagsstarfi í Þorraseli og Sverrir Bollason formaður Hverfisráðs Vesturbæjar fjallaði um á hvern hátt íbúar Vesturbæjarins geti tengst ráðinu og nýtt sér þjónustu þess. Árni Tryggvason leikarinn góðkunni sagði skemmtisögur héðan og þaðan og söngvarinn síungi Ragnar (Raggi Bjarna) Bjarnason flutti nokkur vinsæl lög við eigin undirleik. Þá var húsnæði félagsstarfsins og vinnustofur til sýnis og önnur aðstaða á Aflagrandanum.

Markmiðið er að vera fjölbreytt

Sigprúður Erla Arnardóttir segir tilganginn hafa verið að fagna hinu góða félagsstarfi í Vesturbænum og einnig til að kynna hvaða starf sé framundan í vetur. Einnig hafi verið ætlunin að kveikja í íbúum hverfisins í að koma með hugmyndir að enn fjölbreyttara félagsstarfi fyrir Vesturbæinn. „Markmið félagsstarfsins í Vesturreitum er að vera fjölbreytt, faglegt og skemmtilegt

félagsstarf en umfram allt félagsstarf sem höfðar til íbúanna. Því þurfum við að fá hugmyndum frá íbúunum sjálfum að halda til að vita hvað vekur áhuga,“ segir Sigprúður Erla.

Þrískipt nálgun

Fyrir þremur árum var lögð fram í Velferðarráði Reykjavíkur tillaga að breytingum á félagsstarfi með það fyrir augum að auka þátttöku notenda og auka sjálfbærni í félagsstarfi á félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Tillagan byggist á því að félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar væru opnar öllum íbúum borgarinnar og koma til móts við þarfir íbúa til félagslífs. Lagt var til að nálgun félagsstarfsins yrði þrískipt. Í fyrsta lagi að um opið félagsstarf yrði að ræða þar notendur sjálfir stæðu fyrir. Í öðru lagi félagsstarf með stuðningi sem hafi það hlutverk að styðja fólk til virkrar þátttöku í samfélaginu og að lokum aðstöðu fyrir félagsstarf í öllum þjónustuhverfum borgarinnar.

Virgni eykur heilbrigði og vellíðan

Sigprúður Erla segir að markmiðið með þessum breytingum á félagsstarfinu sé að stuðla að valdeflingu og aukinni þátttöku íbúanna og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins. „Þátttaka í frístundastarfi er mikilvæg fyrir okkur manneskjur á öllum aldri. Á meðan við erum börn og unglingar er mikilvægt að frístundastarfið sé í öruggu umhverfi í umsjón fagfólks sem býður upp á jákvæð viðfangsefni sem auka líkur á að í framtíðinni kjósi einstaklingurinn sér heil-



brigðan lífsstíl og forðist áhættu- hegðun. Með frístundastarfi barna er verið að efla forvarnir í hverfunum. En þegar kemur að félagsstarfi hjá fullorðnum þá breytast áheyrslurnar. Forvarnarstarfið minnkar

ekki en sjálfsákvörðun einstaklingsins eykst. Sjálfstæði einstaklingsins er mikilvægt og þarf að virða. Með því að stuðla að virkni einstaklingsins er hægt að efla heilbrigði og vellíðan.“



Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Vesturgarðs.

Upplýsa, styðja og fræða í stað þess að skipuleggja

Sigprúður Erla segir markmiðið sé að styðja við sjálfsbjargarviðleitni einstaklingsins og jafnframt að koma til móts við ólíkar þarfir íbúanna. „Hlutverk starfsmanna í félagsstarfi breytist með breyttu vinnulagi og viðhorfum og er nú markmiðið að vera til staðar til að upplýsa, styðja og fræða í stað þess að skipuleggja og ákveða hverjar þarfir einstaklingsins eru.“ Þegar lit- ið er á félagsstarfið í Vesturreitum má sjá að ákveðin breyting hefur átt sér stað. Meirihluti félagsstarfsins er orðinn sjálfbær með samvinnu við þá sem taka þátt í því. Framboð námskeiða hefur aukist og með aukinni sjálfbærni breytist námskeiðsframboðið. Fleiri námskeið höfða nú til karla en fyrr en þeir hafa í gegnum árin sótt félagsstarf félagsmiðstöðvanna í minna mæli en konur. Markmiðið er að hafa fjölbreytni í félagsstarfinu þannig að hægt er að ná til sem flestra karla og kvenna á ólíkum aldri.



ÞAÐ ER GOTT AÐ VERA
ÚTÁ GRANDA

INNDRÖMMUN Í HVERFINU

ÁVALLT
NÆG
BÍLASTÆÐI

Álrammar | viðarrammar | sérsníðaðir harðviðarrammar

Grandi innrömmun er alhliða innrömmunar- verkstæði þar sem handverk er í miklum hávegum haft.

Vesturbæingar
TAKK FYRIR
frábærar móttökur

Grandi innrömmun er rekið af húsgagna- smiðnum Ólafi Morthens, en hann hefur áratuga reynslu af innrömmun, smíðum og handverki.

mán-fös 10-17 « OPNUNARTÍMI » laugard. 10-12

Skemmtilegra að skrifa fyrir krakka

Nú síðla árs eru fjórir áratugir frá því hin sívinsæla barnabók, Jón Oddur og Jón Bjarni eftir Guðrúnu Helgadóttur kom út. Af því tilefni efndi Borgarbóksafnið í samstarfi við Bókmenntaborg í Reykjavík og Forlagið til sérstakrar hátíðadagskrár og sýningar til heiðurs þessari vinsælu skáldkonu. Sýningin ber heitið „Að þið skulið vera að þessu“ og er tileinkuð fjörutíu ára rithöfundarafmæli Guðrúnar. Guðrún á fjölbreyttan feril að baki bæði sem rithöfundur og ekki síður stjórnmálamaður en hún átti sæti í borgarstjórn og síðan á Alþingi um nær tveggja áratuga skeið. Guðrún hefur búið á Túngötunni í Vesturbænum um alllangt skeið þar sem Vesturbæjarblaðið leit við hjá henni á dögum.

Af hverju valdi Guðrún að skrifa fyrir börn. „Ég byrjaði að skrifa vegna þess að ég var með litla krakka. Þetta var um og upp úr 1970 og þá var ekki um auðugan garð að gresja í barnabókmenntum. Ég var öðru hvoru að fara í bókasafnið og koma heim með heilmikið af bókum til að lesa fyrir börnin. En alltaf var þetta illa tilbúið á alla kanta. Sögurnar voru illa þýddar, papírinn í bókunum var lélegur og teikningarnar voru ljótar sem gerði það að verkum að þetta voru ekki ánægjulegar bókmenntir. Krakkar hlusta yfirleitt á allt sem er lesið fyrir þau. En þau fundu að ég var ekkert of lukkuleg með þetta og það líkar börnum ekki vel. Ég sagði því einhverju sinni við þau að ég ætlaði bara að búa til sögur fyrir þau og fór að segja þeim sögur sem komu svona í hugann á staðnum. Þannig urðu þeir bræður til Jón Oddur og Jón Bjarni. Þeir voru búnir að vera flökkusaga á heimilinu í að minnsta kosti heilt ár. Svo fóru krakkarnir að biðja mig að segja sér aftur eitthvað sem ég hafi sagt áður. Þá breytti ég kannski einhverju og mundi ekki alveg hvernig þetta var og þá urðu þau ægilega leið. Og þá hugsaði ég með að ég nennti ekki að standa lengur í þessu og setti sögurnar bara á blað. Og þannig urðu þeir til með formlegum hætti.“

Svo komst Silja í þetta

„Svo gerðist það að Silja Aðalsteinsdóttir sem þá var með morgunstund barnanna hjá Ríkisútvarpinu komst í þetta því börnin hennar voru í afmælisboði hjá mér,“ heldur Guðrún áfram. „Ég fór að lesa fyrir krakkana í afmælinu og þau sögðu mömmu sinni frá. Hún var í sömu vandræðum og ég. Eilífum vandræðum með að finna efni fyrir börnin. Hún hringdi í mig og spurði hvort hún mætti ekki kíkja á þetta hjá mér. Ég leyfði henni það og úr því varð að ég settist niður og skrifaði fyrstu bókina og leyfði henni að lesa hana í útvarpið. Valdimar Jóhannsson í lðunni sá heiðursmaður heyrði lesturinn. Hann hringi í mig og spurði hvort ég vildi ekki leyfa honum að líta á þetta. Mér fannst þetta allt saman vera hálfgerður brandari en varð þó til þess að ég settist aftur niður og vann bókina almenlega. En ég var svo samviskusamur sósíalisti að ég fór fyrst í Mál og menningu – á minn stað. Æ-nei Sigfúsi (Daðasyni) leist ekkert á þetta og hafði allt á hornum



Helga Sverrisdóttir, dóttir Guðrúnar, Guðrún Helgadóttir rithöfundur, Silja Aðalsteinsdóttir og Katrín Jakobsdóttir, formaður VG.

sér. En svo hringdi Valdimar í annað sinn og ég leyfði honum að sjá þetta. Sólarhring síðar hringdi hann aftur og gekk þá beint að efni og spurði hvort ég vildi hafa „skritið“ með ypsiloni eða einföldu i,“ segir Guðrún og hlær og bætir við að þar með hafi samningurinn verið innsiglaður.

Skemmtilegra að skrifa fyrir krakka

Guðrún segir að bókina um Jón Odd og Jón Bjarna hafi komið út rétt fyrir jól og því hafi hún ekki selst neitt mikið. En svo hafi það undarlega gerst að hún hafi farið á grenjandi túr eftir jólin. Þá hafi farið að koma lítil lesendabréf í blöðum þar sem verið var á benda á þessa bráðskemmtilegu bók. „Ég man alltaf eftir því og vildi að ég vissi hvort sú kona er enn til sem skrifaðu það fyrsta sem sást á prenti um bókina. Hún hét Fjóla Björgvinsdóttir og var að benda á hvað þetta væri frábær bók. Ég hafði nú ekki döngun í mér til að hafa upp á henni en vorið eftir þá fékk ég fræðsluráðs-verðlaun Reykjavíkurborgar fyrir bókina. Og þá fór hún fyrst almenlega af stað. Svo fór ég að hugsa um það í alvöru hvort ég gæti sett saman sögur. Ég trúði því og hélt svo áfram að skrifa.“ Guðrún neitar að þessir tvíburar hafi verið til í raun og veru. „Nei – ég þekkti enga tvíbura og börnin mín segja að ég sé göldrótt því síða hefur það gerst að tvö barna minna eiga tvíbura. Ég veit ekki um neina tvíbura í ættum okkar. Nei – ég vissi ekkert um tvíbura en fannst þetta bara sniðug hugmynd. Gott að hafa þá upp á dýalókina til að gera.“ Svo komu fleiri bækur og Guðrún hugsar sig um. „Ég skrifaði ekki framhaldið af Jóni Oddi og Jóni Bjarna strax á eftir heldur kom bókina í afahúsi næst og Páll Vilhjálmsson þar á eftir. Svo kom leikritið Óvitar 1979 þegar Flosi Ólafsson lék smábarn í barnavagni og framhaldið af Jóni Oddi og Jóni Bjarna árið eftir 1980.“ Guðrún segist alltaf hafa verið með börnin í huga sem markhóp en hún



Guðrún Helgadóttir.

skrifað þó eina bók sem ætluð var fullorönu fólki. Það er bókina Oddaflug. „Það er svo miklu skemmtilegra að skrifa fyrir krakka.“

Varð eins og Guð almáttugur

Þegar síðari bókina um Jón og Jón Bjarna kom út var Guðrún komin út í stjórnmál og hafði tekið sæti í borgarstjórn Reykjavíkur. Hvað kom til að hún söðlaði um. Var hún knúin af innri þörf í pólitíkinni rétt eins og við skriftirnar. „Ég var nú kominn út í stjórnmál um það leyti sem ég skrifaði Jón Odd og Jón Bjarna. Ég fór í framboð til borgarstjórnar 1978. Ég var búin að skrifa talsvert í Þjóðviljann um þjóðmál. Ég var alltaf talsvert pólitísk og á þessum tíma vorum við mjög upptekin af veru ameríska hersins í landinu. Maður var í mótmælagöngum Keflavíkur göngum sem öðrum. Svo höfðum við líka áhyggjur af blessaðri menningunni þegar fólk var farið að horfa á amerískt sjónvarp. Ég var líka að vinna hjá Tryggingastofnun ríkisins og var deildarstjóri í félagsmála- og upplýsingadeild. Ég veit það afskaplega vel og vissi það líka þá að ég varð vinsæl sem er mjög fáránlegt því ég var ekki að gera neitt annað en að sinna minum störfum og gera það sem ég átti að gera til að vinna fyrir kaupinu mínu. Ég átti

að leiðbeina fólki í gegnum kerfið. Það var líkast því að engin hefði gert þetta áður því ég varð eins og Guð almáttugur.“

Þá var ákveðið að blóðmjólka Guðrúnu

„Og það var þá sem flokkurinn minn sem var Alþýðubandalagið komst að því að gott gæti verið að nota sér þessar vinsældir mínar. Annars vegar vegna bókanna en hins vegar vegna starfsins hjá Tryggingastofnun. Það kom líka í ljós því að í þessum frægu borgarstjórnarkosningum fórum við úr því að eiga tvo borgarfulltrúa í að fá fimm.“ Guðrún segist verða viðurkenna að margir hafi talið hana eiga skratti mikið í þessum sigri og bætir við að strax árið eftir hafi verið ákveðið að blóðmjólka Guðrúnu og hún sett í fjórða sætið á framboðslista Alþýðubandalagsins fyrir Alþingiskosningum 1979. Þar höfðum við haft einn þingmann en þannig fór að ég fór inn úr fjórða sætinu og var á Alþingi í næstum 20 ár á eftir. Ég hætti í borgarstjórn því þetta var ekki hægt með heimili og börnum. Þetta var allt of mikið“ Guðrún segir stefnu vinstri flokkanna hafa náð eyrum víða á þessum tíma. Sjálfstæðimenn hefðu farið fram með slagorðið „bákníð burt“ en það hafi á einhvern hátt mislukkast hjá þeim og fleira hafi valdið þessum kosningasigri. „En þannig var þetta og ég sat í netinu.“

Vildu heldur að ég skrifaði bækur en ræður

„Ég hélt áfram að skrifa. Ég nýtti mér sumrin þegar rólegra var í pólitíkinni og þingið ekki að störfum. Ég var stundum eins og Guðmundur á Sandi sem skrifaði þegar börnin voru sofnuð á kvöldin. Ég nýtti hverja stund sem gafst. Ég man og hafði gaman af að krakkarnir mínir voru stundum svolítið leið yfir því þegar ég var að berja einhverjar ræður saman en þeim kom aldrei annað til hugar en að vera stillt og góð þegar ég var að semja bækur. Þau voru spennt fyrir því og fannst það gaman.“

Sveitin tekur við af bænum

Þótt Guðrún búi í vesturbænum og hafi tekið ástfóstri við þennan bæjarhluta þá liggur uppruni hennar allt annars staðar. „Ég er ekta Hafnfirðingur. Gaflari eins og sagt er. Ég er reyndar búin að búa í Reykjavík frá því að ég varð stúdent. Ég var í MR og er því búin að búa obbann af ævinni í Reykjavík. Ég bjó lengi í Skaftahlíðinni í fallega Sigvaldahúsinu þar. Ég kom hingað á Túngötuna 1982 og svei mér þá. Það er að vera mannsaldur síðan. Þetta líður eins og maður stíji í hraðlest. Og nú er ég orðin langamma. Ég elska að búa hér. Þetta er yndislegt. Ég er næstum eins og úti í sveit. Það er eins og borgin og sveitin mæti hvor annarri á Túngötuhorninu fyrir ofan Landakotið. Hér er líka mikið skjól á lóðinni. Norðanáttin nær ekki þangað. Stundum er eins og að vera á Mallorca í garðinum hjá mér á sumrin,“ segir Guðrún um leið og hún fylgir komumanni til dyra.

TAPSBARINN ER 14 ÁRA

heldur afmælisveislu
27. og 28. október

VEITINGAR Á AFMÆLISVERÐI

10 vinsælustu tapasréttirnir	590 kr./stk.
Codorniu Cava-glas	490 kr./stk.
Pilsner Urquell, 330 ml	590 kr./stk.
Campo Viejo, léttvínsglas	690 kr./stk.

... og allir fá ljúffenga og margrómaða súkkulaðiköku Tapas barsins í eftirrétt.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 551 2344

AFMÆLISLEIKUR

Taktu þátt í léttum leik. Þú gætir unnið ferð til Tenerife eða einhvern fjölmargra aukavinninga.



RESTAURANT - BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is



Þetta hefur farið frábærlega af stað

„Þetta hefur farið frábærlega af stað og enn betur en við þörðum að vona,“ segir Pétur Marteinson einn af aðstandendum Kaffihúss Vesturbæjar þar sem hann stóð vaktina ásamt systur sinni Margréti Marteinsdóttur fyrrum fréttakonu og fréttstjóra hjá RÚV en hún er nú aðal vertinn á hinu nýja kaffihússins. „Fyrsti viðskiptavinur okkar var mættur um 15 mínútum fyrir opnun í morgun en við opnum kl. 7:30. Við töldum okkur vita að þörf væri fyrir þetta en þjuggumst reyndar ekki við jafnmiklum áhuga og raunin hefur orðið.“

Fjöldi barnavagna var á stéttinni fyrir utan kaffihúsið og fjölmörg reiðhjól tjóðruð við hjólaðarekkann þegar Vesturbæjarblaðið bar að garði fyrr nokkru. Af því má ljóst vera að Vesturbæingar nýta sér nálægðina og ganga og hjóla til þess að fá sér kaffi og meðlæti og hitta mann og annan. Þetta er fyrsta kaffihúsið á Miðjunni á Melunum en fyrir eru kaffihús í Neskirkju og á háskólasvæðinu. Þessa nýja kaffihús hefur verið hefur beðið með mikilli eftirvæntingu enda á fjöldi fólks leið um þetta miðjussvæði og um Hofsvallagötuna. Fjöldi fólks sat þar í eftirmiðdegi á dögunum og nokkur fjöldi fyrir utan og gæddi sér á



Bekkurinn var þéttsetinn þegar Vesturbæjarblaðið bar að garði á Kaffihúsi Vesturbæjar.

veitingum. Kaffihús Vesturbæjar er í húsnæðinu þar sem Vesturbæjarapótek var til margra ára en í hluta þess er áfram rekið apótek undir heitinu Gamla apótekið þar sem lögð er áhersla á lyfjabúð eins og eldri kynslóðir

landsmanna muna eftir úr ungðæmi sínu, með persónulegri og fagmannlegri þjónustu í hlýlegu og notalegu umhverfi þar sem gamli tíminn í innréttingum mætir vöruframboði nútímans.

www.borgarblod.is

Þjálfun Marks í KR-heimilinu

Gangið í lið með Rúnari Kristins, Pétri Marteins, Gísla Marteini Baldurs ásamt öðrum í ykkar nágrenni og komið ykkur í heilbrigt og gott form.



www.markkislich.com • mark@markkislich.com
#8655371 • KR Heimili, Frostaskjól 2, 107 Rvk



Systrasamlagið kafar djúpra!



MANDUKA JÓGADÝNUR – NÝ SENDING

4. tegundir og allskonar fylgihlutir.

Verð á dýnum frá 12.500 kr.



FIOHETTAN SLÆR Í GEGN!

Ómóttstæðilega notaleg.

Flotahetta og fótaflot: 17.900 kr



MÁ BJÓÐA ÞÉR BÆNAKLÚT?

Hlýr, notalegur, djúpur, trendí og fallegur!

Verð: 2.900 kr.



Aðeins í Systrasamlaginu:

LÍFRÆNT KAFFI með LÍFRÆNNI BÍÓBÚMJÓLK!

Eða viltu þeyting, croissant, samloku, skot, chiagraut, kökur, kaffi með smjöri?

Bragðgæðin eru okkar megin!

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8 - 18
Laugardagar 10 - 16



Frá „Gott mál“ degi í Hagaskóla þar sem margt er til gaman gert en góð málefni eru einnig styrkt.

Gott mál dagurinn í Hagaskóla

Gott mál dagurinn í Hagaskóla er árlegur viðburður sem verður haldin nú í fimmta skiptið þann 29. október á milli frá kl. 16:00 til 19:00. Vanalega hefur hann verið haldinn á vorönn en í þetta sinn er hann á haustönn.

Krakkarnir í Hagaskóla ákveða hver bekkur fyrir sig hvað þau vilja hafa að bjóða upp á í sinni stofu eins og t.d leiki, keppni, happdrætti, lukkuhjól, uppi-stand, kaffihús, eða eitthvað sem þeim dettur í hug að þau geti grætt á. Einnig verður einn 10. bekkur með draugahús í kjallaranum. Allur ágóði rennur síðan til góðra málefna og í þetta sinn eru það börn á Gasa og krabbameinsdeild landspítalans sem koma til með að nóta afrakstrar dagsins. Svo verða atriði í salnum sem allir geta horft á frítt og einnig verður sameiginlegt kaffihús en það er að vísu ekki frítt. Í mörgu af því sem hægt verður að taka þátt

í eins og happdrætti, minute to win it, lukkuhjólinu og bara næstum því öllu verður svo hægt að vinna einhverja mjög spennandi vinninga.



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Skrekk stýrt úr Frostaskjóli

Sextán grunnskólar af 25 sem eru með unglingadeildir hafa skilað inn umsókn um að taka þátt í Skrekk, árlegri hæfileika-keppni grunnskólanna. Keppnin mun að vanda fara fram í nóvember í Borgarleikhúsinu. Héðinn Sveinbjörnsson í Frostaskjóli er verkefnastjóri Skrekks.

Umsóknarfrestur fyrir þátttöku í Skrekk rennur út föstudaginn 26. september og víða í skólum eru nemendur þegar farnir að huga að keppnisatriðum sem jafnan eru afar fjölbreytt. Umsjón með keppninni í ár hefur frístundamiðstöðin Frostaskjól. Í fyrra var settur af stað rýnihópur til að fara yfir fyrirkomulag keppinnar þar sem sátu fulltrúar skólastjórnenda, félagsmiðstöðva og fulltrúar ungmennaráðs Reykjavíkur. Margt var rætt og ein af nýjungunum í ár er að unglingur mun sitja í dómnefndinni. Undanúrslitakvöld í Skrekk verða 10. 11. og 12. nóv.



Frá hæfileika-keppni Skrekks á liðnu ári.

og sjálft úrslitakvöldið þann 17. nóv. Keppnin fer öll fram í Borgarleikhúsinu. Dómnefnd velur tvö sigurlið á hverju úrslitakvöldi en

að auki velur nefndin tvö lið til keppni á sjálfu úrslitakvöldinu þar sem atriði átta grunnskóla keppa til sigurs.

Skapandi fjölskyldur í Vesturbænum

Um síðustu helgi hófust fyrstu námskeið í námskeiðisröð sem að frístundamiðstöðin Frostaskjól stendur fyrir.

Í LARP smiðjunni fengu foreldrar og börn það verkefni að útbúa sverð úr allskonar vörum úr byggingarvöruverslunum. Þá fengu sköpunarhæfileikar fólks að skína en með þeim fyrirvara að tryggja þurfti að sverðin væru mjúk og högg af þeim myndu ekki meiða aðra. Þegar að sverðagerð var lokið var farið út í góða veðrið og sverðin að sjálfsögðu prófuð.

Benedikt starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar Frosta hélt utan um námskeiðið en hann er afar fróður um ýmsa ævintýraleiki.

Önnur smiðja sem fór fram um helgina var svokallað Sköpunarflæði. Davíð Ingi Bustion nemi í Listaháskóla Íslands aðstoði þar börn og foreldra að losa um sköpunargleði sína. Þátttakendur fóru meðal annars út í göngutúr



Sverðin voru svo prófuð í blíðskapar veðri.

og fundu innblástur úr umhverfinu. Það var afar gaman að sjá foreldra og börn koma saman að taka þátt í að fræðast og njóta frítímans saman á skapandi hátt. Fyrir áhugasama þá standa

ennþá yfir skráningar í önnur námskeið sem að fjölskyldan getur tekið þátt í saman. Frekari upplýsingar um námskeiðin má finna á www.frostaskjol.is

Kósý
Hafðu það
tvær ómótstæðilegar tegundir
Hjúpaðar kóskökur með súkkulaðibitum
Hjúpaðar piparmintukökur með súkkulaðibitum

Fæst í næstu verslun
Frónkex kemur við sögu á hverjum degi...
www.fronkex.is



„Í tilefni af lestrarhátíð Reykjavíkurborgar, sem er nú í október, þá fengum við í leikskólanum Vesturborg, lestrarhestinn Sleipni í sögustund til okkar. Við lásum fyrir hann söguna um Stínu stórusæng við góðar undirtektir eins og sjá má á myndinni,“ segir í frétt frá Vesturborg.

HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel upp á rafgeyminn í vetur.



SKORRI

TUDOR

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Vesturbæjarblaðið
www.borgarblod.is

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI

511 1188

borgarblod@simnet.is

ANTON & BERGUR

Radisson **BLU**
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK

*Jólasagan
þín*

Á Hótel Sögu finna allir eitthvað við sitt
hæfi og upplifa einstaka jólastemningu

www.hotelsaga.is

HEIMSENDINGAR TILBOÐ

Stór pizza með 2 áleggstegundum,
2l. gos, stór brauðtangir
og sósa 3250 kr

Miðstærð pizzu með 2 áleggstegundum,
1l. gos, lítill brauðtangir
og sósa 2850 kr

Pantaðu stóra pizzu af matseðli
og 2l. gos, og þú færð litlan skammt
af brauðstöngum og sósu með

TVENNU TILBOÐ **SÓTT**

Kauptu stóra pizzu og stóran skammt af
brauðstöngum og fáðu aðra pizzu sömu
stærðar að auki

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓTTUM PIZZUM

Gildir ekki með öðrum tilboðum, 30" partypizzum
eða heilsubökum

ÁLEGG Á PIZZUR

Lítill pizza: **190 kr**
Miðstærð pizza: **290 kr**
Stór pizza: **420 kr**

MEÐLÆTI

Brauðtangir
Lítill skammtur: **650 kr**
Stór skammtur: **750 kr**
Ostabrauðtangir: **950 kr**
Brauðtangasósa: **170 kr**
Hvítlauksolía: **170 kr**

BUFFALO KJÚKLINGAVÆNGIR

1090 kr

GOS

1/2 L. í dós: **270 kr**
1/2 L. í plasti: **270 kr**
1 L. í plasti: **299 kr**
2 L. í plasti: **399 kr**

FRANSKAR KARTÖFLUR

Lítill **450 kr**
Stór **850 kr**

HRÓI
PIZZA

S. 562 9292

HEILSU BÖKUR

Pizzubotnar úr heilkornahveiti

Í botnunum okkar er enginn sykur. Við notum aðeins fyrsta
flokks heilkorna hveiti og íslenskan ost í allar okkar bökur.
Hverri heilsuböku fylgir ferskt rucola salat og jógurtsósa.

Mílanóbaka: Kjúklingur, rauðlaukur
og döðlur - **2490 kr**

Humarbaka: Hvítlauksbakaður humar og
sólblómafræ - **2590 kr**

Sjávarréttabaka: Rækjur, kræklingur og
hvítlaukur - **2590 kr**

Parmabaka: Parmaskinka og
Camembert - **2490 kr**

Grænmetisbaka: Sveppir, paprika, rauðlaukur,
ólífur og fetaostur - **2490 kr**

Hafðu það hollara og betra!

Nýtt
Hollari
heilsubökur



HRÓI
PIZZA

Hringbraut 119 REYKJAVÍK

S. 562 9292

Tónlistardagar, barnastarf og þrjónakvöld í Dómkirkjunni

Haustið skartar sínu fegursta hér í Kvosinni og það ríkir tilhlökkun og gleði hjá fólkinu sem kemur að safnaðarstarfi Dómkirkjunnar segir Laufey Bððvars-dóttir kirkjuhaldari í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

Í Dómkirkjunni er í boði gott starf fyrir fólk á öllum aldri. Nýr dómkirkjuprestur er kominn til starfa, séra Sveinn Valgeirsson, en séra Anna Sigríður Pálsdóttir lét af embætti í haust. Séra Hjálmar Jónsson verður í námsleyfi um einsmánaðar skeið nú í haust og svo aftur á vormisseri. Karl Sigurbjörnsson, biskup, mun leysa hann af á meðan.

Barnastarf og unglingastarf kirkjunnar

„Barnastarf kirkjunnar er útrétt hönd til þeirra for-eldra og uppálenda sem vilja að börnin fræðist um okkar kristna trúararf. Barnastarfið er á kirkjuloftinu á hverjum sunnudegi, þar sem þau eiga sína samveru, sögur, söng og leiki. Tveir ungir menn, Ólafur Jón Magnússon og Sigurður Jón Sveinsson annast barnastarfið með mikilli þrýði. Á þriðjudagskvöldum er síðan samvera fyrir unglinga á fermingaraldri í safnaðarheimilinu, Lækjargötu 14a. Ungdóm er opið öllum unglingum á fermingaraldri. Stjórnendur er þeir Ólafur Jón og Sigurður Jón,“ segir Laufey.

Tónlistardagar framundan

Opna húsið er á fimmtudögum í safnaðarheimilinu, kl. 13:30 til 15:30. Góðar veitingar, samtal og jafnan er eitthvert áhugavert innlegg, upplestur eða stuttur fyrirlestur og skemmtilegt samfélag. „Karl Sigurbjörnsson, biskup verður gestur okkar þann 16. október, Óskar í Sunnubúðinni 23. október og þann 30. kemur Þorsteinn Helgason, sagnfræðingur. Þá má geta þess að tónlistardagar Dómkirkjunnar eru framundan og þar mun meðal annars Dómkórinn flytja ný verk eftir íslensk tónskáld, undir stjórn Kára Þormar dómorganista. Bæna- og kyrrðarstundir eru í Dómkirkjunni alla þriðjudaga kl. 12:10-12:30. Á eftir er léttur hádegisverður í safnaðarheimilinu. Stundin er öllum opin og góður vettvangur til samfélags og fyrirbæna. Fyrirbæni má senda á netfangið domkirkjan@domkirkjan.is eða í síma 520-9700.“



Kirkjunefndin

En að öðru. Kirkjunefnd kvenna Dómkirkjunnar var stofnuð til þess að standa að þrýði kirkjunnar sem og að vinna að líknarmálum. Þessar konur hafa gefið ómælda vinnu og fjármuni til kirkjunnar og er ómetanlegt að hafa slíkan bakhjarl. Kirkjunefndin hittist mán- aðarlega, annan mánudag hvers mánaðar.

Þrjónakvöldin eru notalegar samverustundir

Laufey bendir á að nýjung í vetrarstarfinu séu þrjónakvöld sem nokkrar konur standa fyrir mánaðarlega í safnaðarheimilinu. „Þetta eru notalegar og skemmtilegar samverustundir, sem styrkja vináttubönd og samfélagið í söfnuðinum. Á þessi kvöld koma ungir sem aldnir, karlar og konur, og góðir gestir. Mánudagskvöldið 27.október verða gestir okkar hjónin í Annríki, sem kynna þjóðbúninga. Í nóvember verður frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands gestur okkar. Konurnar selja súpu, kaffi og sætmeti og gefa það sem safnast til fegrunar Dómkirkjunnar. Að lokum má svo minna á messurnar alla sunnudagsmorgna kl. 11.00 og æðruleysismessur eru alltaf þriðja sunnudag í mánuði kl. 20 og Kolaportsmessur eru síðasta sunnudag í mánuði í Kaffi Porti.“ Heimasíða Dómkirkjunnar er: domkirkjan.is

Við erum flutt

Nýtt heimili osta og ljúfmetis er nú í verbúðum að Grandagarði 35.

Kíkið til okkar við höfnina.



BÚRÍÐ

Grandagarður 35 · 101 Rvk · 551-8400 · www.burid.is

www.borgarblod.is

www.n1.is

facebook.com/enneinn

Cooper undir jeppann í vetur

Jeppaeigendur þekkja að við íslenskar aðstæður veltur mikið á að hjólbarðarnir séu af bestu gerð. Láttu dekkinn frá Cooper draga fram það besta í jeppanum þínum í vetur.

COOPERTIRES
100 Years



Cooper Discoverer M+S 2

- Nýtt og endurbætt vetrardekk með öflugum gripi
- Mikið skorið og neglanlegt fyrir veturinn
- Hentar íslenskum aðstæðum enda hannað fyrir norræna vegi



Cooper Discoverer M+S

- Vetrardekk fyrir jeppa, mikið skorið með sérhönnuðu snjómyndri
- Neglanlegt með nákvæmri röðun nagla sem grípur vel á hálum vegum
- Endist vel og vinsælt sem heilsársdekk



Cooper SA2

- Nýtt óneglanlegt vetrardekk
- Mikið skorið, mjúkt og góðir aksturseiginleikar
- Mikróskorið með góða vatnslosun og magnað veggrip

Hjólbarðapjónusta N1:

Bíldshöfða	440-1318
Fellsmúla	440-1322
Réttarhálsi	440-1326
Ægissíðu	440-1320

Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Dalbraut Akranesi	440-1394

Opið

mánudaga-föstudaga	kl. 08-18
laugardaga	kl. 09-13

www.n1.is www.dekk.is

N1



Hressar stelpur í kakó-tjillinu.

Kakó og kósi í Frostaskjóli

Miðvikudaginn 24.september var stórfenglegt kakó-tjill hjá tíu-12 starfinu í Frostaskjóli. Boðið var upp á kakó og kósý. Krakkarnir voru flestir að spila eða að kíkja á heimalærdóminn. Það voru þrír kakóbollar á mann

en því miður kláraðist mjólkinn og fólk varð að sætta sig við heldur heitt kakó.

- Um frétt þessa sáu Freyja B. og Þorbjörg, 6. bekk Melaskóla

Kökuskrímsli og drullumall

Þann 9. október sl. var kökukeppni meðal barna 10-12 ára í frístundamiðstöðinni Frostaskjóli. Börnin bökðu kökur heima hjá sér ýmist ein eða í hópum og komu svo með þau í keppnina. Fjöldi keppenda var framar vonum en alls tóku 13 lið þátt í keppninni eða 30 keppendur. Kökurnar voru afar frumlegar og skemmtilegar en þær voru ekki síður góðar á bragðið. Það fengu allir sem að komu á keppnina að smakka kökurnar og til marks um hversu góðar þær voru þá kláruðust kökurnar upp til agna. Kökukeppnin var liður í dagskrá Tíu12 starfsins í Frostaskjóli en hugmyndina að keppninni áttu drengir sem að sitja fyrir hönd barnanna í svokölluðu dagskraráði.

Fengnir voru afar miklir matgæðingar til að skera úr um sigurvegara í keppninni en þeir voru Héðinn Sveinbjörnsson og Bjarki Sigurjónsson. Í fyrsta sæti var kökuskrímsliskaka frá



Kökuskrímslið var í 1. sæti í kökukeppni Frostaskjóls.

Örnu, Bergdís, Maríu, Karolínu og Birnu. Kökuskrímslið var ljúffengt á bragðið og leit afar skemmtilega út.

Það er ekki á hverjum degi sem að manni stendur til boða að borða drullumall en snillingarnir Herdís, Tanja, Nína, Ingibjörg og Ösp sáu til þess að sá draumur varð að veruleika en þær bjuggu til drullumallsköku. Til mikillar lukku voru ormarnir í kökunni



Drullumallið smakkaðist afar vel þennan daginn og ormarnir voru afar bragðgóðir.

ekki alvöru heldur sykraðir hlaupormar. Það þarf engan að undra að drullumallskakan var valin frumlegasta kakan í keppninni.

Á meðan keppninni stóð yfir sá fréttanefnd Tíu12 um að mynda herlegheitin en þess má geta að myndirnar sem fylgja fréttinni eru einmitt teknar af fréttanefndinni.

Fjölskyldudagur Frostaskjóls 17. október

Fjölskyldudagur Frostaskjóls fer fram á morgun, föstudaginn 17. október. Þar ætti að vera eitthvað við allra hæfi. Dagskráin hefst klukkan 11:00 í B-sal KR. Þar verður hægt að grípa í bolta, klifra í köðlum og margt fleira.

Klukkan 12:00 opnar kaffihús í Frostaskjóli sem unglingar úr félagsmiðstöðinni Frosta sjá um og þar verður hægt að fá ljúffengar veitingar gegn vægu gjaldi. Á kaffihúsinu verður í boði fyrir þá sem vilja að taka lagið eða vera með einhverskonar atriði. Klukkan 13:00 munu nemendur frá Do Re Mí stíga á stokk og spila undir kaffi og kakódrykkju gesta. Klukkan 14:00 verður spurningakeppni frá meðlimum miðstigsráðs Tíu12. Kaffihúsið lokar klukkan 15:00. Frá 14:00 verður sundlaugarpartý í Vesturbæjarlauginni. Það verður frítt í sund fyrir alla sem taka þátt í fjölskyldudeginum. Þar mun plötusnúður spila tónlist sem verður meðal annars



spiluð undir yfirborði vatns, þetta yrði þá svokölluð kaftónlist. Í sundlauginni verður mikið gaman og mikið fjör. Þetta er dagur sem enginn fjölskylda í Vesturbænum ætti að láta fram hjá sér fara.

Hrollur og Skrekkur

Unglingar hlaupandi eftir göngum Hagaskóla, stressaðir og spennir. Stelpurnar laga hárið og förðunina og strákarirnir passa að allt líti vel út á meðan aðrir passa að ljósin séu rétt stillt og að sviðsmyndin sé í lagi. Spennigurinn er hreint út sagt rosaalegur nokkrum klukkutímum fyrir Hroll, undankeppni Skreks.

Loksins eftir mikla vinnu og undirbúning fá krakkarnir að sýna atriðin sín. Tvö eða fleiri atriði keppast um að komast í

Borgarleikhúsið og það er ekkert gefið eftir. Allur vilji og orka fer í að reyna að heilla dómarana upp úr skónum. Annað hvort verður þetta endirinn á erfiðu en reynslumiklu og skemmtilegu tímabili eða framhald af ævintýraferðalaginu að Skrekk. Hagaskóli hefur alltaf verið virkur þátttakandi í Skrekk. Nemendur skólans sjá sjálfir um atriðið sitt, semja dansana, leikinn og/eða sönginn, leikmyndina, tónlistina, förðun og búninga. Atriðið sem vinnur

Hroll fer svo á fullt að æfa fyrir undanúrslitakvöld Skreks. Í ár eru tvö atriði að keppa um að komast á Skrekk, tveir ótrúlega flottir 35 manna hópar sem hafa verið að æfa á fullu síðan skólinn byrjaði. Síðan þá hafa mörg vinasambönd myndast á milli krakkana í hópunum og mikil og góð samvinna sem mun skila sér á Hroll og Skrekk.

- Halla Sigríður Ragnarsdóttir nemandi í 10. bekk í Hagaskóla

Leikjasprell í Frostaskjóli

Vetrarfrí verða í grunnskólum borgarinnar frá 17. - 21. október. Margt verður í boði fyrir fjölskylduna þessa frídaga, hvort heldur í frístundamiðstöðvum eða menningarstofnunum og frítt verður fyrir fullorðna í fylgd með börnum inn á söfn borgarinnar.

Í Vesturbæ verður leikjasprell og kaffihúsastemming í Frostaskjóli frá kl. 11.00 - 15.00 föstudaginn 17. október og sundlaugarpartý í Vesturbæjarlauginni kl. 14.00 - 16.00 sama dag.

Raуда Hótel
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur

**HAMBURGARA
Bullan**

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

KR Lengjubikarmeistari

KR sem er spáð góðu gengi í vetur varð nýlega Lengjubikarmeistari karla í körfuknattleik eftir sigur á Tindastóli í úrslitaleik, 83:75, í Ásgarði í Garðabæ.

KR var með tögl og hagldir á leiknum frá byrjun og var fimmtán stigum yfir í hálfleik, 41:26, áður en leikmenn Tindastóls náðu að laga stöðuna aðeins áður en yfir lauk. Brynjar Þór Björnsson var stigahæstur hjá KR með 23 stig en hjá Stólunum skoraði Darrell Lewis 23 stig og tók 8 fráköst.

Auðveldur sigur í fyrsta leik

KR lagði Njarðvík 92-78 í fyrstu umferð Dominosdeildar



karla í síðustu viku í DHL-höllinni. Hjá KR var Mike Craion nánast óstöðvandi með 29 stig, 18 fráköst. Björn

Kristjánsson skoraði 15 stig og Darri Hilmarsson var með 14 stig. Næst leikur KR er gegn ÍR á útivelli í kvöld 16. okt.

KR Íslandsmeistari 50 ára og eldri

KR varð Íslandsmeistari í keppni 50 ára og eldri í þriðja sinn á fjórum árum. KR vann Fylki 9-1 í lokaleik mótsins á miðvikudag og hlaut 27 stig í níu leikjum. Fylkir hlaut 11 stig, Breiðablik níu og Þróttur fimm.

Á myndinn hér til hliðar eru í aftari röð frá vinstri: Jón G. Bjarnason, Ólafur Haukur Ólafsson, Karl Dúi Karlsson, Jósteynn Einarsson, Ágúst Már Jónsson, Smári Hilmarsson og Örn Guðmundsson. Fremri röð frá vinstri: Þorvarður Björgúlfsson, Vilhelm Fredriksen, Sigurður Björnsson, Sæbjörn Guðmundsson og Erling Aðalsteinsson.

Auk þeirra sem eru á myndinni léku Guðmundur Albertsson og Hálf-dán Örlygsson með meistaraliðinu.



Þórir spilaði með meistaraflokki

Hinn ungi og efnilegi Þórir Guðmundur Þorbjarnarson spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik á Íslandsmóti þegar hann kom inn á í sigrinum á Njarðvík á fimmtudagskvöldið. Þórir varð 16 ára í maí og er því fæddur 1998. Hann skoraði einnig sín fyrstu stig með glæsilegu gegnumbroti.

Þórir hefur farið mikinn í yngri flokkum og með yngri landsliðum Íslands og þykir mjög efnilegur leikmaður. Fyrir fjórum árum skoraði Þórir eftirminnilega flautukörfu í leik með 7. flokki. Finnur Freyr þjálfari kveðst mjög ánægður með hann. "Þórir er ungur og efnilegur leikmaður sem var tekinn inni æfingahóp meistaraflokksins í sumar. Hann hefur verið öflugur yngri flokka leikmaður og spilaði vel með U-16 ára landsliðinu í vor. Hann hefur staðið sig vel það sem af er tímabilinu



Þórir Guðmundur Þorbjarnarson með boltann.

á æfingum og er duglegur að æfa og viljugur að taka leiðbeiningum.

Hann á margt eftir ólært en lofar mjög góðu fyrir framtíðina".

Góður sigur á Mílunni

Boðið var upp á hörkuleik þegar KR mætti Mílunni, nýliðum fyrstu deildar í handbolta föstudagskvöldið 10. okt. KR-ingar mættu ákveðnir til leiks, og þó gestirnir hafi skorað fyrsta markið eftir sóknarmistök okkar, snérum við stöðunni strax í 2-1 og var ekki lítið til baka eftir það.

Eftir tíu mínútna leik var staðan orðin 5-1 og útlit fyrir auðveldan sigur. Mílumenn voru nú ekki á því, tóku leikhlé og náðu svo að koma aðeins til baka eftir það. Hægt og rólega söxuðu þeir á forskot okkar KR-inga og náðu loks að jafna í 8-8. Við náum aftur tveggja marka forskoti, en ekki að hrista þá af okkur. Jafnt í hálfleik,

13-13. Í seinni hálfleik var svo sem aldrei spurning hvoru megin sigurinn lenti, KR-ingar alltaf skrefinu á undan. Mikil harka færðist í leikinn undir lokin, Eyþór Vestmann sem hafði átt flottan leik með 10 mörk, sá rautt spjald undir lok leiks fyrir brot í hraða-upphlaupi. En góður 30-27 sigur í höfn.

KR-SÍÐAN

Best og efnilegust hjá KR

Knattspyrnudeild KR hélt á dögnum uppskeruhátíð hjá meistaraflokkum félagsins



Margrét María Hólmarsdóttir, Gary Martin og Haukur Heiðar Hauks-son voru útnefnd leikmenn ársins hjá mfl. KR.

Sigrún Birta Kristinsdóttir og Gonzalo Balbi voru útnefnd efnilegustu leikmenn mfl. KR.



Grétar Sigfinnur Sigurðarson fékk viðurkenningu fyrir 300 leiki með mfl. KR, Baldur Sigurðsson fyrir 200 leiki og Guðmundur Reynir Gunnarsson og Óskar Örn Hauks-son fyrir 250 leiki.



Sonja Björk Jóhannsdóttir fékk viðurkenningu fyrir 100 leiki með mfl. KR og Embla Sigríður Grétarsdóttir fyrir 250 leiki.



GETRAUNANÚMER
KR ER 107



www.kr.is





Komdu á leik í
KÖRFFUNNI



Það eru spennandi leikir framundan í **Domino's-deildinni**. Bestu lið landsins takast á og það verður svo sannarlega hart barist. Ekki missa af leik með þínu liði í Domino's-deildinni.



DOMINO'S-DEILD KARLA

ÍR-KR

≡ Fimmtudagskvöld 16. okt. kl. 19:15 ≡

DOMINO'S-DEILD KVENNA

KR-GRINDAVÍK

≡ Miðvikudagskvöld 22. okt. kl. 19:15 ≡



➤ SJÁUMST Á VELLINUM! ➤

